

Nd.

183. Frumvarp til laga

[95. mál]

um eignarnám lands í Flatey á Breiðafirði.

Flm.: Sigurður Bjarnason, Birgir Finnsson, Matthías Bjarnason,
Sigurvin Einarsson, Hannibal Valdimarsson.

1. gr.

Hreppsnefnd Flateyjarhrepps á Breiðafirði er heimilt að taka eignarnámi þá $\frac{1}{4}$ hluta lands eyjarinnar, sem eru í einkaeign.

2. gr.

Um framkvæmd eignarnámsins skal fara eftir ákvæðum l. nr. 61 14. nóv. 1917.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt ósk hreppsnefndar Flateyjarhrepps og í samræmi við tillögur millipinganefndar, sem skipuð var 2. okt. 1959 til þess að athuga atvinnuástand í hreppnum og gera tillögur til endurreisnar atvinnulífi þar. Í nefnd þessari áttu sæti: Gísli Jónsson alþm., sem var formaður hennar, Pálmi Einarsson landnámsstjóri og Knútur Kristinsson héraðslæknir. Nefnd þessi lauk störfum 10. des. s. l. Komst hún m. a. að þeirri niðurstöðu, „að það sé frumskilyrði fyrir áframhaldandi byggð í Flatey, að hreppurinn eignist allt land og öll landsréttindi í Flatey, þar með talin öll hlunnindi, er fylgja jarðeignum þar“. Að fengnum eignarumráðum verði síðan leitað til Landnáms ríkisins um, að það veiti hreppnum aðstoð til að rækta allt ræktanlegt land Flateyjar og styðji uppbyggingu bújarða þar með þeim hætti, sem skynsamlegt verði talið.

Þess má geta, að samkv. upplýsingum oddvitans í Flateyjarhreppi, Aðalsteins Aðalsteinssonar á Hvallátrum, eru flestir einkaeigendur lands í Flatey fluttir þaðan burt, og alger skortur á samvinnu milli þeirra hefur gert samfellda ræktun landsins ókleifa.

Bæði hreppsnefnd Flateyjarhrepps og fyrrgreind millipinganefnd hafa gert ýmsar fleiri tillögur, sem gætu orðið til eflingar byggð í Flatey, ef framkvæmdar yrðu. Ber brýna nauðsyn til þess að taka hið fyrsta ákvörðun í því máli. Flutningur þessa frumvarps er aðeins fyrsta sporið af mörgum, sem stíga þarf, ef takast á að tryggja áframhaldandi byggð þessarar söguríku og fögru eyjar, sem býður að mörgu leyti upp á góð lífsskilyrði, ef rétt er á málum haldið.